



Stjórnandahandbók

Raðnúmerasvið

GR-12
GR-15
GR-20

frá GR10-20000
frá GRR-101

CE

með
Viðhaldsupplýsingum

Pýðing á upprunalegum
leiðbeiningum
Sixth Edition
Third Printing
Part No. 133572IS

Mikilvægt

Lestu, skildu og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef spurningar vakna skaltu hafa samband við okkur.

Hafðu samband við okkur:

Internet: www.genielift.com

Tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Efni

Inngangur	1
Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu	3
Almennt öryggi	5
Öryggi manna	7
Öryggi á vinnusvæði	8
Skýringartexti	15
Stjórtæki	16
Skoðanir	19
Notkunarleiðbeiningar	32
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu	41
Viðhald	45
Tæknilýsing	47

Copyright © 2000 Terex Corporation

Sjötta útgáfa: Þriðji prentun, október 2014

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og fjölda annarra landa. „GR“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc.



Í samræmi við EB-tilskipun 2006/42/EC
Sjá EB-samræmisfirlýsingu

Inngangur

Eigendur, notendur og stjórnendur:

Takk fyrir að velja okkar vél fyrir ykkar verk. Við leggjum höfuðáherslu á öryggi notenda og því verður best þjónað með samvinnu. Við álítum að þið leggið mikið af mörkum til öryggis ef þið, sem notendur og stjórnendur:

- 1 **Hlítið** reglum og lögum um starfsmenn og vinnusvæði.
- 2 **Lesið, skiljið og fylgið** leiðbeiningum í þessum og öðrum handbókum sem fylgja vélinni.
- 3 **Beitið öruggum starfsháttum** og hafið skynsemi að leiðarljósi.
- 4 **Látið aðeins starfsmenn með þjálfun/réttindi**, undir stjórn einstaklinga með viðeigandi kunnáttu og þekkingu, stjórna vélinni.



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

- ☒ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.
 - 1 **Þú forðist hættulegar aðstæður.**

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

 - 2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
 - 3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
 - 4 Kannaðu vinnustaðinn.
 - 5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.
 - ☒ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.
 - ☒ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.
 - ☒ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.
 - ☒ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Inngangur

Flokkun hættu

Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörðunartákn – notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákn til að forðast möguleg meiðsli eða dauða.

⚠ HÆTTA

Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.

⚠ AÐVÖRUN

Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.

⚠ VARÚÐ

Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið minniháttar meiðslum.

TIL ATHUGUNAR

Gefur til kynna eignatjón.







Ætluð notkun

Þessi vél er eingöngu ætluð til að lyfta starfsfólki ásamt verkfærum og efnum þess á vinnusvæði þar sem unnið er í lofthæð.








Viðhald öryggisskilta

Skiptu um horfin eða skemmd skilti. Hafðu öryggi stjórnenda vélarinnar í huga öllum stundum. Notaðu milda sápu og vatn til að hreinsa öryggisskilti. Ekki nota hreinsiefni sem byggjast á leysiefnum því þau geta skemmt öryggisskiltin.


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

				
Lestu handbók fyrir stjórnanda tækisins	Lestu þjónustuhandbókina	Hætta á að kremjast	Reykingar bannaðar	Árekstrarhætta
				
Árekstrarhætta	Hætta á veltu	Hætta á veltu	Notaðu pappaspjald eða pappír til að leita eftir leka	Hætta á raflosti
				
Hætta á raflosti	Sprengihætta	Eldhætta	Hætta á bruna	Hætta á stungu í húð
				
Flutningsmynd	Festu niður	Haltu þig frá hlutum á hreyfingu	Færðu vélina niður á slétta jörð	Rafgeymar notaðir sem mótvægi


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

				
Haltu þig í hæfilegri fjarlægð	Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólfið	Skorðaðu hjólin	Slepptu hemlunum	Jarðtengdur AC 3-vír eingöngu
				
Skiptu um skemmda víra og leiðslur.	Hjólaleðsla	Tengistaður fyrir dragreiði	Hliðarkraftur	Vindhraði
				
Hámarksburðargeta		Spenna á rafmagni að palli	Málprýstingur fyrir loftlögn til pallsins	Neyðarlækkun
				
Hámarksburðargeta að meðtöldum notanda, verkfærum og skúffu				


Almennt öryggi



Hlið fyrir rafgeymahleðslu



Almennt öryggi



Öryggi manna

Fallvörn

Ekki er krafist persónulegs fallvarnarbúnaðar þegar þessi vél er notuð. Ef vinnusvæði eða reglur atvinnurekanda krefjast slíks búnaðar skal eftirfarandi eiga við:

Allur persónulegur fallvarnarbúnaður verður að fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum og verður skoðun og notkun að vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á raflosti



Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.



Haltu öruggri fjarlægð frá raflínunum og raftækjum í samræmi við gildandi reglur og eftirfarandi töflu.

Spenna línu	Áskilin fjarlægð
0 til 50 kV	3,05 m
50 til 200 kV	4,60 m
200 til 350 kV	6,10 m
350 til 500 kV	7,62 m
500 til 750 kV	10,67 m
750 til 1.000 kV	13,72 m

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflum og sigi á raflínunum og varastu mikinn vind og vindhviður.

Haltu þig frá vélinni ef hún snertir raflínur með straumi á. Starfsfólk á jörðu niðri eða á pallinum má ekki snerta eða nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Ekki nota vélina í eldingaveðri eða stormi.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsúðu.

⚠ Hætta á veltu

Farpegafjöldi, búnaður og efni mega ekki fara umfram hámarksburðargetu pallsins eða hámarksburðargetu framlengingarinnar á pallinum. Þyngd í skúffum telst hluti af heildarhleðslu pallsins.

Hámarksburðargeta - GR-12 og GR-15	
Staðlaður pallur	227 kg
Vinnuskúffa (aukahlutur)	22 kg
Hámarksfjöldi farpega	1
AWP pallur	159 kg
Hámarksfjöldi farpega	1
Hámarksburðargeta - GR-20	
Staðlaður pallur	159 kg
Hámarksfjöldi farpega	1
AWP pallur	159 kg
Hámarksfjöldi farpega	1

Öryggi á vinnusvæði



Ekki lyfta pallinum nema vélin sé á traustu, láréttu undirlagi.

Ekki nota hallaaðvörunina sem hallamál. Hallaaðvörunin hljómar í stjórtækjum palls og stjórtækjum á jörðu niðri þegar vélin er í miklum halla.



Ef hallaaðvörunin hljómar: Láttu pallinn síga. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð. Ef hallaaðvörunin hljómar á meðan pallurinn er uppi skaltu lækka hann afar gætilega.

Aktu ekki á yfir 0,8 km / klst. með pallinn uppi.

Þegar pallurinn er hækkaður skal fylgja tilmælum um heimilt handvirkt átak og fjölda notenda á næstu blaðsíðu.



Ekki nota vélina í sterkum vindi eða roki. Ekki auka yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er stækkað og það er berskjaldað fyrir vindi dregur það úr stöðugleika vélarinnar.

Vélina er aðeins ætluð til notkunar innandyra. Ekki hækka pallinn þegar hætta er á að vindhraði fari yfir 0 m/s.



Gættu sérstakrar varúðar og dragðu úr hraða þegar vélin er keyrð í frágenginni stöðu yfir ójafnt undirlag, rusl, óstöðugt eða hált yfirborð og nærri holum og þverhnípi.

Ekki keyra vélina á eða nálægt ójöfnu landslagi, óstöðugu yfirborði eða við aðrar hættulegar aðstæður með pallinn híðan. Ekki nota vélina sem krana.

Ekki ýta vélinni eða öðrum hlutum með pallinum.

Ekki snerta aðliggjandi mannvirki með pallinum.

Ekki binda pallinn við aðliggjandi mannvirki.

Ekki setja byrðar utan jaðars pallsins.

Vinnuskúffan telst sem hluti pallsins.

Ekki nota stjórtæki pallsins til að losa pall sem er fastur, kræktur eða á annan hátt hindraður frá eðlilegri hreyfingu af aðliggjandi mannvirki. Allt starfsfólk verður að fara af pallinum áður en reynt er að losa hann með stjórtækjunum á jörðu niðri.

Öryggi á vinnusvæði



Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.



Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki setja tröppur eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.

Gerð	Leyfilegt hámarkshandafl	Hámarksfjöldi farþega
CE	200 N	1

Ekki breyta eða gera markrofana óvirka.

Ekki breyta eða afvirkja einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hafa áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika vélarinnar með hlutum sem hafa aðra þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki nota rafgeyma sem eru léttari en upprunalegu rafgeymarnir. Rafgeymar eru notaðir sem mótvægi og eru nauðsynlegir til að viðhalda stöðugleika vélarinnar. Hver rafgeymir verður að vera 28 kg.

Ekki breyta loftvinnupallinum án skriflegs leyfis frá framleiðandanum. Viðhengi til að halda verkfærum eða öðrum efnum við pallinn, gangbretti eða handriðakerfi geta aukið þyngd á pallinum og yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar.



Ekki flytja verkfæri og efni nema þeim sé jafnt dreift og einstaklingur/-ar á pallinum geti meðhöndlað þau á öruggan hátt.



Ekki nota vélina á yfirborði eða farartæki sem er hreyfanlegt eða á hreyfingu.

Gættu þess að öll dekk séu í góðu ástandi, að kastalarær séu tryggilega festar og klofsplitti séu rétt upp sett.

Öryggi á vinnusvæði

▲ Hætta á að kremjast

Haldið höndum og útlimum frá mastri.

Ekki vinna undir palli eða mastri án þess að hlíf yfir rafgeymi sé uppi.

Notaðu heilbrigða skynsemi og skipulagningu þegar þú notar vélina með stjórn tækin ofar jörðu. Viðhaltu öruggrí fjarlægð milli stjórna, vélarinnar og fastra hluta.

▲ Hætta við notkun í brekkum

Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi halla eða hliðarhalla. Málgildi halla á einungis við um vélar í frágenginni stöðu.

Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	30% (17°)
Hámarkshliðarhalla í brekku, frágengin staða	30% (17°)

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.

▲ Fallhætta

Handriðið veitir vörn gegn falli. Ef þess er krafist að starfsmenn á pallinum noti persónulegan fallvarnbúnað vegna reglna vinnusvæðis eða atvinnurekanda skal fallvarnbúnaðurinn og notkun hans vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda búnaðarins og viðeigandi kröfur hins opinbera. Festu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.

Haltu gólfi pallsins lausu við rusl.

Lokaðu inngönguhliðinu fyrir notkun.



Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins.




Ekki klifra niður úr pallinum þegar hann er á lofti.

Ekki fara upp á eða af pallinum nema þegar vélin er í frágenginni stöðu.

Öryggi á vinnusvæði

▲ Árekstrarhætta



Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð og blindsvæðum þegar ekið er eða unnið.

Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð þegar vélín er hreyfð.

Vélin verður að vera á láréttu yfirborði eða fest áður en hemlarnir eru losaðir.

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.



Hugaðu að fyrirstöðum uppi yfir vinnusvæðinu eða annarri mögulegri hættu.



Gættu þín á hættunni á því að klemma þig þegar þú grípur um handrið pallsins.



Ekki láta pallinn síga nema svæðið undir honum sé laust við starfsfólk og fyrirstöður.



Takmarkaðu aksturshraða í samræmi við ástand yfirborðs jarðar, þrengsli, halla, staðsetningu starfsfólks og alla aðra þætti sem kunna að valda árekstri.

Ekki nota vélina í slóð krana nema stjórnækjum kranans hafi verið læst og / eða gripið til varúðaraðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegan árekstur.

Engan áhættuakstur eða ærsl þegar vélín er notuð.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á líkamstjóni

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og / eða brennt húðina.

Röng snerting við íhluti undir hvaða hlíf sem er veldur alvarlegum meiðslum. Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf. Aðgangur stjórnanda er aðeins ráðlagður þegar skoðun fyrir notkun er framkvæmd. Öll hólf verða að vera lokað og læst meðan á notkun stendur.

⚠ Sprengihætta og eldhætta

Ekki nota vélina eða hlaða rafgeyminn á hættulegum stöðum eða stöðum þar sem mögulega eru eldfimar lofttegundir eða efnisagnir.

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og þjónustuhandbók fyrir Genie.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að handbók stjórnanda og öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluhólfinu á gálganum.

⚠ Hætta vegna skemmdra íhluta

Ekki nota neitt hleðslutæki stærra en 24 V til að hlaða rafgeymana.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Öryggi á vinnusvæði

▲ Öryggi rafgeymis

Hætta á bruna




Rafgeymar innihalda síru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífir þegar unnið er við rafgeyma.

Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Ekki hafa rafgeyma eða hleðslutæki berskjölduð gagnvart vatni eða rigningu.

Sprengihætta



Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeymum. Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas.

Hólfíð ætti að vera opið allt hleðsluferlið.

Ekki snerta rafgeymaskautin eða kapalklemmurnar með verkfærum sem gætu valdið neistum.



Hætta vegna skemmda á íhlutum

Ekki nota neitt hleðslutæki stærra en 24 V til að hlaða rafgeymana.

Ekki nota vélina sem jarðtengingu við rafsuðu.

Hætta á raflosti / bruna.



Tengdu hleðslutækið aðeins við jarðtengda 3-víra rafmagnsinnstungu.

Kannaðu daglega hvort skemmdir eru á snúrum, köplum og vírum. Endurnýjaðu skemmda hluti fyrir notkun.

Forðastu raflost vegna snertingar við rafgeymaskaut. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgrip.

Hætta á veltu

Ekki nota rafgeyma sem eru léttari en upprunalegu rafgeymarnir. Rafgeymar eru notaðir sem mótvægi og eru nauðsynlegir til að viðhalda stöðugleika vélarinnar. Hver rafgeymir verður að vera 28 kg.


Lyftihætta

Notaðu réttan fjölda fólks og rétta tækni við að lyfta rafgeymunum.

Frágangur eftir hverja notkun

- 1 Veldu örugga staðsetningu til að leggja vélinni – traustan, láréttan flöt, lausan við fyrirstöður og umferð.
- 2 Láttu pallinn síga.
- 3 Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að fyrirbyggja óheimila notkun.
- 4 Hladdu rafgeymana.

Skýringartexti




- 1 Holuhlíf
- 2 Föst dekk
- 3 Neyðarlækkunarloki
- 4 Flutningsbinding
- 5 Lyftaragöt
- 6 Skjár fyrir hleðslutæki rafgeymis
- 7 Hlífar
- 8 Stjórnæki á jörðu niðri
- 9 Mælir fyrir vökvamagn

- 10 Rafmagnstengi fyrir pall/hleðslutækistengi fyrir valkvæman áriðil
- 11 Vinnuskúffa (Ef slíkt er uppsett)
- 12 Þrýstihnappur til að losa bremsu (undir hlíf)
- 13 Miðteinn sem rennur til
- 14 Stjórnæki palls
- 15 Tengistaður fyrir dragreipið
- 16 Mastur

- 17 Innstunga með lekaliða
- 18 Geymsluílát handbókar
- 19 Hlíf fyrir rafgeymahólf
- 20 Krækja á rafhlöðuloki
- 21 Stýridekk
- 22 Sleppifetill fyrir framlengingu pallsins
- 23 Hlið fyrir framlengingu palls



Stjórnntæki



Stjórnborð á jörðu niðri

- | | | | |
|---|---|----|--|
| 1 | 7 A rofi fyrir rafrásir | 7 | Virknihnappur fyrir lyftingu |
| 2 | Rauður neyðarstöðvunarhnappur | | Ýttu á og haltu inni þessum hnappi til að virkja lyftu. |
| | Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappnum í off stöðu til að stöðva vélina. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í stöðuna on til að nota vélina. | 8 | Hnappur til að fara úr valmynd |
| 3 | Hnappur til að fara niður valmynd | 9 | Hnappur til að fara efst í valmynd |
| 4 | Hnappur til að fara inn í valmynd | 10 | LCD-greiningarskjár |
| 5 | Lyftihnappur pallsins | 11 | Lykilrofi fyrir valið pallur / af / jörð |
| 6 | Lækkunarhnappur pallsins | | Snúið lyklinum í pallstöðu til að virkja stjórnntæki á palli. Snúið lyklinum í off stöðu til að slökkva á vélinni. Snúið lyklinum í jarðstöðu til að virkja stjórnntæki á jörðu niðri. |

Stjórnæki



Stjórnborð palls

- 1 Hnappur til að virkja lághraða lyftu

Haltu þessum hnappi niðri til að virkja hægar lyftuaðgerðir.



- 2 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna til að nota vélina.

- 3 Hnappur til að virkja háhraða lyftu

Ýttu á og haltu inni þessum hnappi til að virkja háhraðavirkni pallsins.



- 4 Flautuhnappur

Ýttu á flautuhnappinn og flautan hljómar. Slepptu flautuhnappinum og flautan hljómar ekki.



- 5 Valhnappur fyrir ökuhraða

Ýttu á þennan hnapp til að virkja lághraðavirkni. Gaumljósið logar þegar lághraðaakstur er valinn.



- 6 Hlutfallslegur stýripinni og rofi til að virkja aðgerðir til að aka

Akstursaðgerðir: Haltu niðri virkjunarrofanum til að virkja akstursaðgerðir á stýripinna pallsins. Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin á stjórnborði pallsins sýnir til að færa vélina í þá átt. Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin á stjórnborði pallsins sýnir til að færa vélina í þá átt.

Stjórnntæki

7 Þumalrofi fyrir stýringaraðgerð

Ýttu vinstra megin á þumalveltirofann og þá beygir vélin í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborði pallsins bendir í.



Ýttu hægra megin á þumalveltirofann og þá beygir vélin í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborði pallsins bendir í.



8 Upplýsingar á LED-skjá / gaumljós fyrir rafhleðslu

9 Lyftihnappur pallsins

Ýttu og haltu inni hnappinum fyrir pallur-upp og pallurinn lyftist.




10 Lækkunarhnappur pallsins

Ýttu og haltu inni hnappinum fyrir pallur-niður og pallurinn lækkar.



11 Lyftuaðgerðahnappur

Haltu þessum hnappi niðri til að virkja lyftuaðgerðir.



12 Aksturs-, stýringar- og lyfturofi fyrir hlutfallsstýringu


Lyftuaðgerð: Haltu niðri virkjunarrofanum til að virkja lyftuaðgerðir á stýripinna pallsins. Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin á stjórnborði pallsins sýnir til að lyfta pallinum. Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin á stjórnborði pallsins sýnir til að lækka pallinn. Viðvörðun um lækkun ætti að heyrast á meðan pallurinn lækkar.

Akstursaðgerðir: Haltu niðri virkjunarrofanum til að virkja akstursaðgerðir á stýripinna pallsins. Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin á stjórnborði pallsins sýnir til að færa vélina í þá átt. Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin á stjórnborði pallsins sýnir til að færa vélina í þá átt.

13 LED-greiningarskjár, vísir sem sýnir hleðslu rafgeymis og vísir sem sýnir lyftu- og akstursham

14 Akstursaðgerðahnappur

Ýttu á þennan hnapp til að virkja akstursaðgerðir.



Skoðanir



Ekki nota nema:

- ☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.
 - 1 Forðastu hættulegar aðstæður.
- 2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.**
 - Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.**
- 3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
- 4 Kannaðu vinnustaðinn.
- 5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundna viðhaldsþætti sem tilgreindir eru í þessari handbók.

Skoðaðu listann á næstu síðu og athugaðu hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem taldar eru upp í ábyrgðarhandbókinni.

Skoðanir

Skoðun fyrir notkun

- ☐ Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.
- ☐ Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir. Sjá kaflann um límmiða.
- ☐ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu á olíu ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.
- ☐ Athugaðu með leka á rafvökva og rétta vökvastöðu. Bættu á eimuðu vatni ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ☐ Rafmagnsíhlutir, leiðslur og rafmagnskaplar
- ☐ Vökvaaflseining, geymir, slöngur, tengingar, tjakkar og greinar
- ☐ Rafgeymir og tengi
- ☐ Drifmótorar
- ☐ Dekk og felgur
- ☐ Jarðtengiól
- ☐ Takmarkarofar, viðvörunarbjöllur og flauta
- ☐ Viðvörunarljós og snúningsljós (ef fylgir)
- ☐ Rær, boltar og aðrar festingar
- ☐ Miðslá, keðja eða hlið á palli
- ☐ Raðkaplar og blakkir

- ☐ Holuhlífar
- ☐ Tengistaður fyrir dragreipið
- ☐ Framlenging á pallinum (ef slíkt er uppsett)
- ☐ Vinnuskúffur (ef slíkt er uppsett)
- ☐ Íhlutir handhemils
- ☐ Rafgeymishlíf
- ☐ Masturssúlur og mótvægi
- ☐ Stýripinni pallastýringar

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ☐ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ☐ Dælda eða skemmda á vél
- ☐ Of mikils ryðs, tæringar eða oxunar
- ☐ Gættu þess að allir íhlutir samsetningar og aðrir mikilvægir íhlutir séu til staðar og allar tengdar festingar og pinnar séu á sínum stað og rétt hert.

Athugið: Ef hækka verður pallinn til að skoða vélina skal ganga úr skugga um að rafgeymahlífin sé á sínum stað. Sjá kafla með notkunarleiðbeiningum.

Skoðanir



Ekki nota nema:

- ☒ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.
 - 1 Forðastu hættulegar aðstæður.
 - 2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
 - 3 **Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.**
- Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.**
 - 4 Kannaðu vinnustaðinn.
 - 5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði í virkniprófun

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virknipróf aftur áður en vélin er tekin í notkun.


Skoðanir

Stjórnntæki á jörðu niðri

- 1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, lárétt og laust við hindranir.
 - 2 Gættu þess að rafgeymarnir séu tengdir.
 - 3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna.
 - 4 Snúðu lykilrofanum á stjórnntæki á jörðu niðri.
 - 5 Skoðaðu upplýsta aflesturinn sem birtist á stjórnntækjum pallsins.
- ☉ Niðurstaða: LED-skjárinn ætti að líta út eins og á myndinni hér fyrir neðan.



- 6 Skoðaðu upplýsingar á LED-skjánum á stýringum á jörðu niðri.
- ☉ Niðurstaða: LCD-skjárinn ætti að birta gerð og tímamæli.



Prófun neyðarstöðvunar

- 7 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinn í af-stöðuna.
- ☉ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.
- 8 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

Prófa upp/niður virkni

Viðvörðunarljóðmerki á vélinni og stöðluð flauta eru úr sama miðlæga viðvörðunarkerfinu. Flautan er stöðugur tónn. Niðurferðarbjallan hljómar með 60 hljóðmerkjum á mínútu. Viðvörðunarbjaallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu þegar holuhlífarnar hafa ekki blásist út og þegar vélin er ekki slétt. Sjálfvirk flauta er líka til sem valbúnaður.

- 9 Ekki ýta á lyftuvirknihnappinn.
 - 10 Ýttu á hnappinn pallur-upp eða pallur-niður.
- ☉ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.
- 11 Ekki ýta á hnappana pallur-upp eða pallur-niður.
 - 12 Ýttu á lyftuhnappinn.
- ☉ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.
- 13 Ýttu og haltu inni lyftuhnappinn og ýttu á hnappinn pallur-upp.
- ☉ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hífast upp.
- 14 Ýttu og haltu inni lyftuhnappinn og ýttu á hnappinn pallur-niður.
- ☉ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Niðurferðarviðvörðunin ætti að hljóma á meðan pallurinn er að lækka.

Skoðanir

Prófun á neyðarlækkun

- 15 Virkja upp-virkni með því að ýta á lyftuvirknirofa og hnappinn pallur-upp og lyfta pallinum u.þ.b. 60 cm.
- 16 Togaðu í neyðarlækkunarhnappinn sem staðsettur er neðst á vélinni, neðan við mastrið.
- ☉ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Öryggisbjallan mun ekki hljóma.
- 17 Snúðu lykilorfanum á stjórnþæki pallsins.

Við stjórnþæki pallsins

Prófun neyðarstöðvunar

- 18 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í af-stöðuna.
- ☉ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

Prófa flautuna

- 19 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.
- 20 Ýttu á flautuhnappinn.
- ☉ Niðurstaða: Flautan ætti að hljóma.

Notaðu hnappamynstrið á stjórnþæki pallsins til að sjá hvora þessara tveggja virkniprófana skuli gera næst.

Notaðu þetta virkniprófunarferli ef spjaldið á pallinum er með þessum hnöppum.



Prófa virkjunarrofan og upp/niður virkni

- 21 Ekki halda niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.
- 22 Færðu akstursstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan akstursstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.
- ☉ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.
- 23 Ekki ýta á háhraða- eða lághraðahnappana.
- 24 Ýttu á hnappinn pallur-upp eða pallur-niður.
- ☉ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.
- 25 Ekki ýta á hnappana pallur-upp eða pallur-niður.

Skoðanir

- 26 Ýttu á háhraða- eða lághraðahnappinn.
- ⊙ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.
- 27 Ýttu á og haltu inni hnappinum fyrir háhraðalyftu.
- 28 Ýttu á hnappinn pallur-upp.
- ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hífast upp. Holuhlífarnar ættu að blásast út.
- 29 Slepptu hnappinum fyrir háhraðalyftu eða hnappinum pallur-upp.
- ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hætta að rísa.
- 30 Ýttu á og haltu inni hnappinum fyrir háhraðalyftu.
- 31 Ýttu á hnappinn pallur-niður.
- ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Lækkunaraðvörunin (ef til staðar) ætti að hljóma á meðan pallurinn er látinn síga.
- 32 Slepptu hnappinum fyrir háhraðalyftu eða hnappinum pallur-niður.
- ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hætta að lækka.
- 33 Ýttu á og haltu inni hnappinum fyrir lághraðalyftu.
- 34 Ýttu á hnappinn pallur-upp.
- ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hífast upp. Holuhlífarnar ættu að blásast út.
- 35 Slepptu hnappinum fyrir lághraðalyftu eða hnappinum pallur-upp.
- ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hætta að rísa.
- 36 Ýttu á og haltu inni hnappinum fyrir lághraðalyftu.
- 37 Ýttu á hnappinn pallur-niður.
- ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga á sama niðurferðarhraða og háhraða. Lækkunaraðvörunin (ef til staðar) ætti að hljóma á meðan pallurinn er látinn síga.
- 38 Slepptu hnappinum fyrir lághraðalyftu eða hnappinum pallur-niður.
- ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hætta að lækka.

Skoðanir

Notaðu þetta virkniprófunarferli ef spjaldið á pallinum er með þessum hnöppum.



Prófa virkjunarrofan og upp/niður virkni

- 39 Ekki halda niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.
- 40 Færðu akstursstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan akstursstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.
 - ⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.
- 41 Ýttu á lyftuaðgerðahnappinn.
- 42 Bíddu í sjö sekúndur eftir að stoðfótavirkjunin renni út.
- 43 Færðu akstursstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan akstursstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.
 - ⊙ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.
- 44 Ýttu á lyftuaðgerðahnappinn.
- 45 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu stýripinnann hægt í áttina sem bláa örin sýnir.
 - ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hífast upp.

- 46 Slepptu stýripinnanum.

- ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hætta að rísa.
- 47 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu stýripinnann hægt í áttina sem gula örin á stjórnborðinu sýnir.
 - ⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Lækkunaraðvörunin (ef til staðar) ætti að hljóma á meðan pallurinn er látinn síga.

Prófa akstursaðgerðarhnapp

Notaðu þetta virkniprófunarferli ef spjaldið á pallinum er með þessum hnöppum.



- 48 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn (sé hann til staðar).
- 49 Bíddu í sjö sekúndur eftir að akstursvirkjunin renni út.
- 50 Færðu akstursstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan akstursstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.
 - ⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

Skoðanir

Prófa stýringuna

Ath.: Þegar þú gerir virknipróf fyrir stýringu og akstur skaltu standa á pallinum gegnt stýrisenda vélarinnar.

- 51 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn (sé hann til staðar). 
- 52 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.
- 53 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á aksturstýrihandfanginu í þá átt sem blái þríhyrningurinn í stjórnborðinu bendir í.
- ⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að snúa í áttina sem blái þríhyrningurinn bendir í.
- 54 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á stýrihandfanginu í þá átt sem blái þríhyrningurinn í stjórnborðinu bendir í.
- ⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að snúa í áttina sem guli þríhyrningurinn bendir í.

Prófa akstur og hamlun

- 55 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn (sé hann til staðar). 
- 56 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.
- 57 Færðu stýripinnann hægt í áttina sem bláa örin á stjórnborðinu vísar í þar til vélin fer að hreyfast og færðu þá pinnann aftur í miðjustöðu.
- ⊙ Niðurstaða: Vélin á að færast í þá átt sem bláa örin á stjórnborðinu vísar, síðan stöðvast snögglega þegar stjórnhandfanginu er snúið aftur í miðlæga stöðu.
- 58 Færðu stýripinnann hægt í áttina sem gula örin á stjórnborðinu vísar í þar til vélin fer að hreyfast og færðu þá pinnann aftur í miðjustöðu.
- ⊙ Niðurstaða: Vélin á að færast í þá átt sem gula örin á stjórnborðinu vísar, síðan stöðvast snögglega þegar stjórnhandfanginu er snúið aftur í miðlæga stöðu.

Ath.: Hamlarnir verða að geta haldið vélinni í öllum halla sem hún getur ekið upp.

Skoðanir

Prófa hallaskynjarann

Ath.: Framkvæmdu þetta próf frá jörðu með stýringu pallsins. Ekki standa á pallinum.

- 59 Láttu pallinn síga alveg niður.
- 60 Settu viðarbita undir bæði hjólin á annarri hliðinni og keyrðu vélina upp á þau.
- 61 Hífdðu upp pallinn um 2,1 m frá jörðu.
- ⊙ Niðurstaða: Pallurinn á að stöðvast og hallaviðvörðunarbjallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu. LED-skjárinn á stjórnstækjum á palli ætti að sýna LL og LCD fyrir stjórnstæki á jörðu niðri ætti að sýna LL: Machine Tilted (Vélin hallar).
- 62 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn (sé hann til staðar).
- 63 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.
- 64 Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örinn sýnir og færðu svo stýripinnann í áttina sem gula örinn sýnir.
- ⊙ Niðurstaða: Ökuvirkni ætti að virka í hvoruga átt.
- 65 Lækkaðu pallinn og fjarlægðu báða viðarbitana.



Prófa aukinn ökuhraða

- 66 Lyftu pallinum í u.þ.b. 1,2 m hæð frá jörðu.
- 67 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn (sé hann til staðar).
- 68 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu akstursstýrihandfangið hægt í fulla akstursstöðu.
- ⊙ Niðurstaða: Hæsti mögulegi ökuhraði með pallinn á lofti ætti ekki að vera meiri en 22 cm / sek.
- Ef ökuhraði með pallinn á lofti fer yfir 22 cm / sek. skaltu merkja vélina undir eins og taka hana úr notkun.



Skoðanir

Prófa holuhlífar

Ath.: Holuhlífar eiga að blásast sjálfkrafa út þegar pallurinn lyftist. Holuhlífar virkja takmarkarofana sem gera vélinni kleift að ganga áfram. Ef holuhlífar blásast ekki út hljómar viðvörunarbjalla og vélin ekur hvorki né stýrir.

69 Lyftu pallinum.

- ⊙ Niðurstaða: Þegar pallurinn er hífður upp 1,2 m frá jörðu ættu holuhlífar að blása út.

70 Ýttu á holuhlífar á annarri hliðinni og síðan á hinni.

- ⊙ Niðurstaða: Holuhlífar ættu ekki að hreyfast.

71 Láttu pallinn síga

- ⊙ Niðurstaða: Holuhlífar ættu að fara aftur í frágengna stöðu.

72 Settu viðarbita undir holuhlífina.

73 Lyftu pallinum.

- ⊙ Niðurstaða: Áður en pallurinn er hífður 2,1 m frá jörðu ætti viðvörunarbjalla að hljóma. LED-skjárinn á stjórnækjum á palli ætti að sýna PHS og LCD-skjárinn á stjórnækjum á jörðu niðri að sýna PHS: Pothole Guard Stuck (Holuhlíf föst).

74 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn (sé hann til staðar).



75 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

76 Færðu akstursstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan akstursstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.

- ⊙ Niðurstaða: Vélín ætti ekki að færast fram eða aftur.

77 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn (sé hann til staðar).



78 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

79 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á aksturshandfanginu í þá átt sem blái og guli þríhyrningurinn í stjórnborðinu benda í.

- ⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu ekki að snúa til vinstri eða hægri.

80 Lækkaðu pallinn.

81 Fjarlægðu viðarbútinn.

Skoðanir



Ekki nota nema:

- ☒ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.
 - 1 Forðastu hættulegar aðstæður.
 - 2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
 - 3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
 - 4 **Kannaðu vinnustaðinn.**

Þekktu og skildu skoðun á vinnustað áður en þú snýrð þér að næsta hluta.
 - 5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði við skoðun á vinnusvæði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að gera slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Gátlisti fyrir skoðun á vinnusvæði

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- ☐ þverhnípi eða holur
- ☐ ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- ☐ hallandi yfirborð
- ☐ óstöðugt eða hált yfirborð
- ☐ fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- ☐ hættulegar staðsetningar
- ☐ ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- ☐ vind og veðuraðstæður
- ☐ návist starfsfólks í leyfisleysi
- ☐ aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Skoðanir


Skoðun á límmiðum með táknum á

Kannaðu hvort merkingar á vélinni beri orð eða tákn. Framkvæmdu viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
28174	Merking – Rafmagn til palls 230 V	2
28235	Merking – Rafmagn til palls 115 V	2
40434	Merking – Festipunktur dragreipis	1
43658	Merking – Rafmagn til hleðslutækis 230 V	1
44980	Merking – Rafmagn til hleðslutækis 115 V	1
52475	Merking – Flutningsfesting	3
72086	Merking – Lyftipunktur	1
72184	Skreyting – Genie Runabout	2
72188	Merkimiði – Bendiörvar	2
82473	Merking – Hólf opnað	1
82481	Merking – Öryggi rafgeymis / hleðslutækis	1
82487	Merking – Lestu handbókina	2
82495	Merking – Öryggishemill og Notkunarleiðbeiningar	1
82614	Viðvörðun – Árekstrarhætta	1
82666	Merking – Lyftaragat	2
82830	Merking – Hámarks handvirkt átak, 200 N, CE	1
82836	Merkimiði – Neyðarlækkun	1
97810	Skreyting – Genie GR-12	2
97811	Skreyting – Genie GR-15	2
97812	Skreyting – GR-20	2
97815	Merking – Lækka miðtein	6
97873	Merking – Hámarksburðargeta, Vinnuskúffa, 22 kg, GR-12, GR-15	1
97899	Merkimiði – Notaðu öryggisskorðu	1
114334	Merking – Hætta á raflosti, tappi	1
114338	Merkimiði – Veltihætta, hallaaðvörðun	1
133015	Hætta – Hætta á raflosti	1
133144	Merking – Skýringarmynd fyrir flutning	2
133146	Hætta – Veltihætta, rafgeymar	1
133147	Merkimiði – Veltihætta, takmarkarofi	1

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
137605	Merking – Neyðarstöðvun, pallstýring	1
137635	Merkimiði – Stjórnborð á jörðu	1
137636	Yfirlögn – Pallstjórnborð	1
137656	Merking – Aksturs/stýringarátt, pall stýring	1
1256702	Yfirlögn – Pallstjórnborð	1
1257923	Merking – Smartlink	2
T106667	Merking – Burður hjóla, GR-12	4
T106668	Merking – Burður hjóla, GR-15	4
T106669	Merking – Burður hjóla, GR-20	4
T108737	Merking – Hámarksburðargeta, 227 kg, GR-12, GR-15 (gerðir með stöðluðum palli)	1
T108738	Merking – Hámarksburðargeta, 159 kg, GR-12, GR-15 (gerðir með AWP palli)	1

Skoðanir



Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

- ☒ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.
- 1 Forðastu hættulegar aðstæður.
- 2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
- 3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
- 4 Kannaðu vinnustaðinn.
- 5 **Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.**

Undirstöðuatriði

Kaflinn Notkunarleiðbeiningar veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkun vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, upp í vinnusvæði sitt er óöruggt og hættulegt.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef ætlast er til að fleiri en einn stjórnandi noti vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verða þeir allir að vera viðurkenndir stjórnendur og er ætlast til þess að þeir fylgi allir öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum. Það þýðir að hver nýr stjórnandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Notkunarleiðbeiningar


Neyðarstöðvun

Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna á stjórnækjum á jörðu niðri og palli til að stöðva allar aðgerðir vélarinnar.

Gerðu við allar aðgerðir sem virka þegar rauða neyðarstöðvunarhnappinum er ýtt inn.

Neyðarlækkun

Togaðu í neyðarlækkunarhnúðinn til að láta pallinn síga.



Notkun frá jörðu

- 1 Vertu viss um að rafhlöðupakkinn sé tengdur áður en vélina er notuð.
- 2 Snúðu lykilrofanum á stjórnækki á jörðu niðri.
- 3 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í á-stöðuna.

Að staðsetja pall

- 1 Ýttu og haltu inni lyftuhnappi á stjórnborðinu.
- 2 Ýttu á hnappinn pallur-upp eða pallur-niður.

Aksturs- og stýringaraðgerðir eru ekki tiltækar frá stjórnækjum á jörðu niðri.


Notkun frá palli

- 1 Vertu viss um að rafhlöðupakkinn sé tengdur áður en vélina er notuð.
- 2 Snúðu lykilrofanum á stjórnækki pallsins.
- 3 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í á-stöðuna.

Stjórnækjauðkenning


Þessar vélar voru framleiddar með tveimur mismunandi stjórnækjum á palli. Notaðu hnappamynstrið á stjórnækki pallsins til að sjá hvaða leiðbeiningar eiga við vélina þína.

Notaðu þetta virkniprófunarferli ef spjaldið á pallinum er með þessum hnöppum.



Til að staðsetja pall

- 1 Ýttu á og haltu inni háhraða- og lághraðahnappinum.
- 2 Ýttu á hnappinn pallur-upp eða pallur-niður.



Notkunarleiðbeiningar

Að stýra

- 1 Ýttu og haltu inni rofanum fyrir akstur/stýringu á stjórnhandfanginu.
- 2 Snúðu stýrishjólunum með þumalveltirofanum sem staðsettur er ofan á akstursstýrihandfanginu.



Að aka

- 1 Ýttu og haltu inni rofanum fyrir akstur/stýringu á stjórnhandfanginu.
- 2 Auka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

Minnka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt að miðjunni.

Stöðva: Færðu akstursstýrihandfangið í miðjuna eða slepptu fótrofanum.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórnþækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélun muni aka.

Ferðahraði vélarinnar er takmarkaður þegar pallinum er lyft.

Ástand rafgeymis hefur áhrif á afköst vélar. Vélarhraði og virknihraði falla þegar gaumljós um lága hleðslu á rafgeymi blikkar.

Að velja ökuhraða

Ökustýringar geta virkað í tveimur hraðastillingum í frágenginni stöðu. Þegar kveikt er á ljósi ökuhraðahnappsins er lághraðastillingin í gangi. Þegar slökkt er á ljósi ökuhraðahnappsins er lághraðastillingin í gangi.

Ýttu aksturshraðahnappinum í þá stöðu sem óskað er.




Ath.: Þegar pallinum er lyft er ljósið á ökuhraðahnappinum alltaf kveikt og sýnir ökuhraða við lyftingu.

Notkunarleiðbeiningar

Stýribúnaðarauðkenning

Notaðu þetta virkniprófunarferli ef spjaldið á pallinum er með þessum hnöppum.



Til að staðsetja pall

- 1 Ýttu á lyftuaðgerðahnappinn. Það kviknar á hring fyrir neðan lyftuaðgerðamerkið á LCD-skjánum.



Sé stýripinninn ekki hreyfður innan sjö sekúndna frá því að ýtt er á lyftuaðgerðahnappinn slokknar á hringnum fyrir neðan lyftuaðgerðamerkið og lyftuaðgerðin verður óvirk. Ýttu aftur á hnapp til að virkja lyftuaðgerðir.

- 2 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.
- 3 Færðu stýripinnann í samræmi við merkingarnar á stjórnborðinu.

Til að stýra

- 1 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. Það kviknar á hring fyrir neðan akstursaðgerðarhnappinn á LCD-skjánum.

Sé stýripinninn ekki hreyfður innan sjö sekúndna frá því að ýtt er á akstursaðgerðahnappinn slokknar á hringnum fyrir neðan akstursaðgerðamerkið og akstursaðgerðin verður óvirk. Ýttu aftur á akstursaðgerðahnappinn.

- 2 Snúðu stýrishjólunum með þumalveltirofanum sem staðsettur er ofan á akstursstýrihandfanginu.



Til að aka

- 1 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. Það kviknar á hring fyrir neðan akstursaðgerðarhnappinn á LCD-skjánum.

Sé stýripinninn ekki hreyfður innan sjö sekúndna frá því að ýtt er á akstursaðgerðahnappinn slokknar á hringnum fyrir neðan akstursaðgerðamerkið og akstursaðgerðin verður óvirk. Ýttu aftur á akstursaðgerðahnappinn.

- 2 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.
- 3 Auka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

Minnka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt að miðjunni.

Stöðva: Færðu akstursstýrihandfangið í miðjuna eða slepptu fótrofanum.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórnækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Ferðahraði vélarinnar er takmarkaður þegar pallinum er lyft.

Ástand rafgeymis hefur áhrif á afköst vélar. Vélarhraði og virknihraði falla þegar gaumljós um lága hleðslu á rafgeymi blikkar.

Notkunarleiðbeiningar

Að velja ökuhraða

Ökustýringar geta virkað í tveimur hraðastillingum í frágenginni stöðu. Þegar kveikt er á ljósi ökuhraðahnappsins er lághraðastillingin í gangi. Þegar slökkt er á ljósi ökuhraðahnappsins er lághraðastillingin í gangi.

Ýttu aksturshraðahnappinum í þá stöðu sem óskað er.



Ath.: Þegar pallinum er lyft er ljósið á ökuhraðahnappinum alltaf kveikt og sýnir ökuhraða við lyftingu.

▲ Ekið í brekku

Ákvarðaðu málgildi halla upp í móti, niður í móti og hliðarhalla fyrir vélina og ákvarðaðu halla brekkunnar.



Hámarkshalli í brekku, frágengin staða 30% (17°)



Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða 30% (17°)

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi á jörðu og viðeigandi gripi.

Ýttu aksturshraðahnappinum í hraðakstursstöðu.

Til að ákvarða halla brekku:

Mældu hallann með stafrænum hallamæli EÐA notaðu eftirfarandi verklag.

Þú þarft:

- hallamál
- beinan viðarbút, að minnsta kosti 1 m á lengd
- málband


Leggðu viðarbútinn í brekkuna.

Leggðu hallamálið ofan á lægri enda viðarbútsins og lyftu honum þar til viðarbúturinn er láréttur.

Mælið vegalengdina frá neðri brún viðarbútsins til jarðar um leið og honum er haldið láréttum.

Deildu í málbandsmælinguna (lyftingu) með lengd viðarbútsins (lengdin) og margfaldaðu með 100.

Dæmi:



Viðarbútur = 3,6 m

Lengd = 3,6 m

Hæð = 0,3 m

$0,3 \text{ m} \div 3,6 \text{ m} = 0,083 \times 100 = 8,3\% \text{ halli}$

Ef brekkan er umfram hámarksbólgið fyrir halla upp eða niður eða hliðarhalla, þá verður að draga vélina á spili eða flytja hana upp eða niður brekkuna. Sjá kaflann Flutningur og lyfting.


Notkunarleiðbeiningar

Virknikóðar

Ef LED greiningarskjár stjórnækja á palli eða LCD greiningarskjár stjórnækja á jörðu niðri birtir virknitengdan kóða á borð við LL, verður að bæta úr ástandi sem veldur kóðanum áður en haldið er áfram að nota vélina. Ýttu inn og togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn til að endurstilla kerfið.



Upplýsingar á LED-skjá



Upplýsingar á LCD-skjá

Virknikóðar


Kóði	Ástand
LL	Slökkt
OL	Pallur ofhlaðinn
CH	Virgni undirvagns
PHS	Holuvörn föst
nd	Ekkert drif (valbúnaður)

Frekari upplýsingar er að fá í viðeigandi þjónustuhandbók Genie. Einnig er hægt að sjá kóða og lýsingu á kóða á LCD skjá við stjórnækki á jörðu.

Pallur ofhlaðinn

Ef LED greiningarskjár á stjórnækjum palls sýnir blikkandi OL og LCD greiningarskjár á stjórnækjum á jörðu niðri sýnir OL: Platform Overload (Pallur ofhlaðinn), er pallurinn ofhlaðinn og engar aðgerðir virka. Viðvörðunarljóð heyrir.

- 1 Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappnum í off stöðu.
- 2 Minnkaðu þyngdina á pallinum.
- 3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna.



LED aflestur



LCD aflestur

Ofhleðsluviðrétting

Ef LCD-greiningarskjár á jörðu niðri sýnir Overload Recovery (ofhleðsluviðréttingu) var neyðarlækkunarkerfið notað á meðan pallurinn var ofhlaðinn. Frekari upplýsingar um hvernig skal endurstilla þessi skilaboð má finna í viðeigandi þjónustuhandbók Genie.

Notkunarleiðbeiningar

Til að framlengja og draga inn pall (ef til staðar)

- 1 Stígðu á fótstig fyrir framlengingu palls.
- 2 Gríptu varlega um handrið pallsins og ýttu til að framlengja pallinn.
- 3 Stígðu á fótstig fyrir framlengingu palls og togaðu í handrið pallsins til að draga hann inn.

Stjórnun frá jörðu niðri með stjórnstækjum á palli

Haltu öruggri fjarlægð milli stjórnanda, vélarinnar og fastra hluta.

Gættu að í hvaða átt vélin mun fara þegar stjórnstæki á palli eru notuð.

Eftir hverja notkun

- 1 Veldu öruggan stað til að leggja vélinni—trausta jafnsléttu, lausa við hindranir og umferð.
- 2 Lækkaðu pallinn.
- 3 Snúðu lyklinum í off-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að tryggja að vélin sé ekki notuð í leyfisleysi.
- 4 Hladdu rafgeymana.

Gaumljós fyrir hleðslu rafgeymis

Notaðu upplýsingarnar á LED-skjánum til að ákvarða hleðsluna á rafgeyminum.

Athugið: Þegar blikkandi LO kóði birtist á LED greiningarskjá stjórnstækja á palli verður að taka vélina úr notkun og hlaða hana, því annars hættu allar aðgerðir hennar að virka.



Full hleðsla



Hálf hleðsla



Lítill hleðsla



LO blikkar

Notkunarleiðbeiningar



Leiðbeiningar um rafgeymi og hleðslutæki

Virtu og hlýddu:

- ☒ Ekki nota utanaðkomandi hleðslutæki eða startgeymi.
- ☒ Hlaða skal rafgeyminn á vel loftræstu svæði.
- ☒ Notaðu rétta spennu fyrir hleðslu eins og tilgreint er á hleðslutækinu.
- ☒ Notaðu aðeins rafgeymi og hleðslutæki sem Genie hefur viðurkennt.

Til að hlaða rafgeyminn

- 1 Gakktu úr skugga um að rafgeymarnir séu tengdir áður en þeir eru hlaðnir.
- 2 Opnaðu rafgeymahólfið. Hólfíð á að vera opið á meðan á hleðslu stendur.
- 3 Leggðu lokið að undirvagninum.
- 4 Lækkaðu pallinn þar til mastrið rétt snertir rafgeymahlífina.
- ▲ Hætta á að merjast. Haltu höndum frá rafgeymahlífinni á meðan pallurinn er lækkaður.
- 5 Snúðu rofanum í stöðuna off.
- 6 Gakktu úr skugga um að tengingar rafgeymakaplanna séu fastar og lausar við tæringu.

Viðhaldslausir rafgeymar

- 1 Tengdu hleðslutækið við jarðtengda riðstraumsrafrás.
- 2 Hleðslutækið gefur til kynna hvenær rafgeymirinn er fullhlaðinn.

Venjulegir rafgeymar

- 1 Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeyminum og athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar. Ef þörf krefur skal bæta aðeins því magni af eimuðu vatni á sem þarf til að þekja plöturnar. Ekki yfirfylla fyrir hleðsluferlið.
- 2 Settu öndunarlokin aftur á rafgeyminn.
- 3 Tengdu hleðslutækið við jarðtengda riðstraumsrafrás.
- 4 Hleðslutækið gefur til kynna hvenær rafgeymirinn er fullhlaðinn.
- 5 Athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Fylltu á nýjan leik með eimuðu vatni að enda áfyllingarslöngunnar. Ekki yfirfylla.

Notkunarleiðbeiningar

Leiðbeiningar um fyllingu og hleðslu þurrgeymis

- 1 Fjarlægðu öndunarlok rafgeymisins og fjarlægðu plastinnsiglið varanlega af öndunargötum rafgeymisins.
- 2 Fylltu hvert hólfi með rafgeymasýru (raflausn) þar til hæðin er nægileg til að hylja plöturnar.

Ekki fylla upp að hámarksstöðu fyrr en hleðsluferli rafgeymisins er lokið. Yfirfylling getur valdið því að rafgeymasýra flæðir upp úr meðan á hleðslu stendur. Gerðu rafgeymasýru sem hellst hefur niður óvirka með natróni og vatni.

- 3 Settu öndunarlok rafgeymisins á.
- 4 Hladdu rafgeyminn.
- 5 Athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Fylltu á nýjan leik með eimuðu vatni að enda áfyllingarslöngunnar. Ekki yfirfylla.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu



Athugaðu og fylgdu:

- ✓ Genie mælir með því að farið sé eftir þessum festingarleiðbeiningum. Ökumenn bera alla ábyrgð á að ganga úr skugga um að vélar séu tryggilega festar og að réttur tengivagn sé valinn í samræmi við reglur samgöngufyrivalda, aðrar staðbundnar reglur og verklag fyrirtækis þeirra.
- ✓ Viðskiptavinir Genie sem þurfa setja einhverja lyftu eða vöru frá Genie í gám ættu að leita til hæfs flutningsmiðlara með sérþekkingu á tilbúningi, hleðslu og festingu lyftingarbúnaðar fyrir alþjóðlega vöruflutninga.
- ✓ Eingöngu hæfir loftlyftustjórnendur mega flytja vélina af ökutækinu.
- ✓ Leggja verður flutningsökutækinu á láréttu yfirborði.
- ✓ Gangna verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.
- ✓ Gættu þess að geta ökutækisins, fermingarfletir og keðjur eða ólar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Genie-lyftur eru hlutfallslega þungar miðað við stærð. Sjá upplýsingar um þyngd vélar á skráningarmiða. Sjá upplýsingar um staðsetningu skráningarmiða í kafla um skoðun.
- ✓ Vélin verður að vera á jafnsléttu eða tryggilega frá henni gengið áður en bremsur eru losaðar.
- ✓ Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi halla eða hliðarhalla. Sjá Ekið í brekku í hlutanum Notkunarleiðbeiningar.
- ✓ Ef hallinn á palli flutningsökutækisins fer umfram hámarks málgildi halla verður að ferma og afferma vélina með vindu, eins og lýst er. Sjá upplýsingar um málgildi halla í tæknilýsingarkaflanum.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Losað um hemil

- 1 Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.



- 2 Vertu viss um að vindulínan sé almennilega fest við tengipunkta undirvagnsins og að leiðin sé laus við allar hindranir.

- 3 Ýttu inn svarta öryggishemlinum til að opna bremsuventilinn.



- 4 Pumpaðu rauða handhemilshnúðinn.

Eftir að vélin er fermd:

- 1 Ýttu rauðu neyðarstöðvunarhnöppunum bæði á jörðu niðri og á palli í on-stöðu og snúðu lyklinum í pallstöðu.

- 2 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn (sé hann til staðar).



- 3 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu stýrishandfangið frá miðjunni og slepptu því strax til að endurstilla hemlana.

- 4 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á stjórnstækjum pallsins í af-stöðu.

Ekki er mælt með að draga GR-15 og GR-20. Ef það verður að draga vélina má það ekki vera á meiri hraða en 3,2 km/klst.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Fest á vörubíl eða tengivagn fyrir flutning

Notaðu alltaf framlengingalæsinguna þegar vélina er flutt.

Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn fyrir flutning.


Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.

Notaðu festipunkta á undirvagni til að festa vélina við flutningstækið.

Notaðu keðjur eða ólar með nægri burðargetu.

Notaðu a.m.k. 4 keðjur eða ólar.

Hagræddu útbúnaðinum til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu



Virtu og hlýddu:

- ☒ Aðeins viðurkenndir kranamenn ættu að undirbúa og lyfta vélinni.
- ☒ Eingöngu hæfir lyftarastjórnendur mega lyfta vélinni með gaffallyftara.
- ☒ Vertu viss um að burðargeta kranans, fermingarflata og óla eða tauga sé nægileg til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeramerkimiða fyrir þyngd vélarinnar.


Vélin sett á með krana

Notaðu lyftiaugun sem eru á aftari masturssúlu.

Gakktu úr skugga um að mastrið sé í lægstu stöðu.

Skoðaðu alla vélina og fjarlægðu alla lausa hluti.

Settu ávallt lyftikrókinn í gegnum lyftiaugað þannig að hann snúi frá vélinni.



Viðhald



Athugaðu og fylgdu:

- ✓ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.
- ✓ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.
- ✓ Farga skal efni í samræmi við opinberar reglugerðir.
- ✓ Notaðu aðeins varahluti sem Genie hefur viðurkennt.

Skýringartexti viðhaldstákna

Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.



Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum við þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.

Athugaðu magn vökvaolíunnar



Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið rétt. Röng staða glussa getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til vandamála í vökvakerfinu.

Athugið: Framkvæmdu þessa aðgerð með pallinn í geymslustöðu.

- 1 Skoðaðu olíustöðuna í glussatankinum.
- ⊙ Niðurstaða: Magn vökva á að vera það sama og merkingar á geymi segja til um.
- 2 Bættu á olíu ef þörf er á. Ekki yfirfylla.

Tæknilýsing glussa

Gerð glussa	Chevron Rando HD jafngildi
-------------	----------------------------

Viðhald

Athuga rafgeymana



Gott ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og notkunaröryggi. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.

Ath.: Ekki þarf að framkvæma þetta verklag á vélum með innsiglaða eða viðhaldsfría rafgeyma.

- ▲ Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgrip.
- ▲ Hætta á líkamstjóni. Rafgeymar innihalda síru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Ath.: Framkvæmdu þetta próf eftir að hafa fullhlaðið rafgeymana.

- 1 Farðu í hlífðarfatnað og settu á þig augnhlíf.
- 2 Gættu þess að tengi rafgeymakapals séu hert og laus við tæringu.
- 3 Gættu þess að rafgeymafestingarnar séu til staðar og traustar.

Ath.: Ef bætt er við póhlífum og ryðvörn kemur það í veg fyrir ryð á rafgeymapólum og köplum.

Reglubundið viðhald

Viðhald sem framkvæmt er ársfjórðungslega, árlega og á tveggja ára fresti verður að vera framkvæmt af einstaklingi sem hefur þjálfun og hæfni til að framkvæma viðhald á þessari vél í samræmi við verklagið sem finna má í þjónustuhandbók fyrir þessa vél.

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Tæknilýsing

Gerð	GR-12
Hámarks vinnuhæð	5,3 m
Hæð, hámark fyrir pall	3,5 m
Hæð, hámark frágenginn	1,57 cm
Hámarkshæð í geymslustöðu, staðlaður pallur með vinnuskúffu	1,62 m
Breidd	74,9 cm
Lengd, frágenginn	1,35 cm
Lengd, framlengdur pallur (aukabúnaður)	1,85 m
Mál palls, allar gerðir (lengd x breidd)	
Staðlaður pallur	88,9 x 74,9 cm
Staðlaður pallur með framlengingu útdregna	139,7 x 74,9 cm
Staðlaður AWP pallur	69 x 51 cm
Mjór AWP pallur	66 x 51 cm
Hámarksburðargeta, staðlaður pallur	227 kg
Hámarksburðargeta, AWP pallur	159 kg
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Snúningsgeisli (ytri)	132,1 cm
Hæð frá jörðu	6,5 cm
Þyngd	717 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaprýstingur (virkni)	207 bar
Dekkjastærð	25,4 x 7,6 x 2,5 cm

Hávaðamengun í lofti

Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu <70 dBA niðri

Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli <70 dBA

Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s².

Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s².

Hámarkshalli í brekku, frágenginn staða 30% (17°)

Hámarkshliðarhalli í brekku, frágenginn staða 30% (17°)

Ath.: Málildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.

Ökuhraði

Í frágangsstöðu, hámark 4,0 km/h
12,2 m/10,9 sek

Pallur hífður, hámark 0,8 km/h
12,2 m/55 sek

Upplýsingar um hleðslu á gólfi

Hámarkspungi á dekki 308 kg

Snertiprýstingur dekkja 7,36 kg / cm²
721,3 kPa

Gólfprýstingur með starfsmenn á palli 936 kg / m²
9,18 kPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð	GR-15
Hámarks vinnuhæð	6,3 m
Hæð, hámark fyrir pall	4,5 m
Hæð, hámark frágenginn	1,57 cm
Hámarkshæð í geymslustöðu, staðlaður pallur með vinnuskúffu	1,62 m
Breidd	74,9 cm
Lengd, frágenginn	1,35 m
Lengd, framlengdur pallur (aukabúnaður)	1,85 m
Mál palls, allar gerðir (lengd x breidd)	
Staðlaður pallur	88,9 x 74,9 cm
Staðlaður pallur með framlengingu útdregna	139,7 x 74,9 cm
Staðlaður AWP pallur	69 x 51 cm
Mjór AWP pallur	66 x 51 cm
Hámarksburðargeta, staðlaður pallur	227 kg
Hámarksburðargeta, AWP pallur	159 kg
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Snúningsgeisli (ytri)	132,1 cm
Hæð frá jörðu	6,5 cm
Þyngd	994 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6V 225AH
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaprýstingur (virkni)	207 bar
Dekkjastærð	25,4 x 7,6 x 2,5 cm

Hávaðamengun í lofti

Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri <70 dBA

Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli <70 dBA

Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s².

Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s².

Hámarkshalli í brekku, frágenginn staða 30% (17°)

Hámarkshliðarhalli í brekku, frágenginn staða 30% (17°)

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.

Ökuhraði

Í frágangsstöðu, hámark 4,0 km/h
12,2 m/10,9 sek

Pallur hífður, hámark 0,8 km/h
12,2 m/55 sek

Upplýsingar um hleðslu á gólfi

Hámarksþungi á dekki 327 kg

Snertiprýstingur dekkja 7,79 kg / cm²
763,7 kPa

Gólfprýstingur með starfsmenn á palli 1.210 kg / m²
11,87 kPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilysing

Gerð	GR-20
Hámarks vinnuhæð	7,9 m
Hæð, hámark fyrir pall	6,1 m
Hæð, hámark frágenginn	1,98 cm
Breidd	80 cm
Lengd, frágenginn	1,35 m
Lengd, framlengdur pallur (aukabúnaður)	1,86 m
Mál palls, allar gerðir (lengd x breidd)	
Staðlaður pallur	89,9 x 74,9 cm
Staðlaður pallur með framlengingu útdregna	139,7 x 74,9 cm
Staðlaður AWP pallur	69 x 51 cm
Mjór AWP pallur	66 x 51 cm
Hámarksburðargeta, staðlaður pallur	159 kg
Hámarksburðargeta, AWP pallur	159 kg
Hámarksburðargeta (vöruafgreiðslupallur)	159 kg
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Snúningsgeisli (ytri)	134,6 cm
Hæð frá jörðu	6,5 cm
Þyngd	1.112 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaprýstingur (virkni)	207 bar
Dekkjastærð	25,4 x 7,6 x 2,5 cm

Hávaðamengun í lofti

Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu <70 dBA
niðri

Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli <70 dBA

Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s².

Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s².

Hámarkshalli í brekku, frágenginn staða 30% (17°)

Hámarkshliðarhalli í brekku, frágenginn staða 30% (17°)

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.

Ökuhraði

Í frágangsstöðu, hámark 4,0 km/h
12,2 m/10,9 sek

Pallur hífður, hámark 0,8 km/h
12,2 m/55 sek

Upplýsingar um hleðslu á gólfi

Hámarksþungi á dekki 395 kg

Snertiprýstingur dekkja 9,41 kg / cm²
922,84 kPa

Gólfprýstingur með starfsmenn á palli 1.180 kg / m²
11,57 kPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilysing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Dreift af: